



Alþingi
Erindi nr. P 125/125
komudagur 15.11.1999

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Vonarstræti 4, 150 Reykjavík, Kt. 571189-1519, Sími 560 9600, Grænt nr. 800 6960, Bréfsími 562 4566

Nefndasvið Alþingis
Björn Þorvaldsson, nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Tilvísun:
UMH199900245
00121
Dagsetning
12. nóvember 1999
IS/si

Vísað er til erindis yðar frá 3. þ.m. þar sem ráðuneytið er beðið um að láta í té umsögn við frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, sbr. 89. mál, umhverfisbrot. Frumvarpið er unnið í samráði við umhverfisráðuneytið.

Ráðuneytið vekur athygli á að ekki er tekið á umhverfisbrotum í almennum hegningarlögum hér á landi eins og gert hefur verið í nágrennalöndunum, síðast í Danmörku 1997. Ráðuneytið lítur á það sem mikilvægan áfanga í tengslum við framkvæmd umhverfislaga ef frumvarp þetta nærði fram að ganga og að það sé til marks um breytt viðhorf þjóðfélagsins til umhverfisins og brota gegn umhverfislöggjöfni.

Ráðuneytið fagnar framkomu frumvarpsins og væntir þess að það fái skjóta og jákvæða afgreiðslu.

F. h. r.